

1914

ERLINGUR PÁLSSON.
SKOLBRÚNN.
PINDINGAR.
STURLA ÞÓRÐARSON.
Á GÖTUNNI.
Í MANNKOSTALEIT.
ISLENZKA.

DR. HELGI ÞJETURSS.

Vísir 14. jan 1914

Erlingur Pálsson.

I-fernalem stupiditatem
tlnfinnabu'ariam!

Insomniis.

I.

Einn af vorum gervilegustu ípróttamönnum, Erlingur Pálsson, er nú að búa sig undir að fara af landi burt til að frama sig í sundmennt. Mi þar um segja líkt og Þorsteinn á Borg sagði um utanför Kjartans forðum, að vjer frændur hans (en það) eru allir Íslendingar) eigum mikið á hættu hversu honum tekst ferðin. Það er skemmtilegt fyrir Íslendinga, ef Erlingi tekst að sýna það enskum, að hann á heima í fremstu röð; og sennilega mun það verða til þess að margur maður á landi hjer, lifir betra lífi, ef þjóðin á í sundlistinni forgöngumann, sem getið hefur sjer orðstír víðar en á Íslandi þar sem ípróttamenn eru nú minni en áður var, þó að slíkir garpar sem Erlingur er, gefi góða von um viðreisn.

II.

Íslensk ófrægð er að vísu engan veginn áhrifalaus — það munu þeir geta dæmt um sem fyrir rögi hafa orðið — en hvergi sem jeg hef komið, virð-

ist minna varið í að vera frægur en á Íslandi er enn þá. Má nefna því til sönnunar, af því að það er nú nýast, að það hefur verið talið eftir einhverju víðlesnasta sögu-skáldi þjóðarinnar, að fá að vinna fyrir sjer með skrifstofustörfum, sem telja hann og þreyta frá því að vinna það, sem honum er hugleiknast, og öðrum til meiri ánægju en skrifstofustörf hans. Slíkt er mjög eftirtektarverður vottur um íslenska menning — eða vanmenn-ing — og eins hitt, hvernig farar-efni vor besti sundmaður á að hafa. Um það væri betur að Erlingur þyrfti ekki að líkjast öðrum sundgarpi íslenskum, Gretti hinum sterka, sem var svo fjelítill þegar hann kom til Noregs, að við sjálf lá að hann væri gerður að þræl.

Vonandi reynast hjer þeir fjedrengir þegar þeir fara að hugsa málið, að úr þessu verði bætt, og för Erlings verði ekki eins órífleg og nú áhorfist. Erlingur þarf víðar að koma en í England og Skotland og dvöl hans í útlöndum má ekki vera of stutt, ef hún á ekki að koma honum og þjóðinni að of litlum notum.

III.

Af íslenskum íþróttamönnum hygg jeg að Erlingur Pálsson sje einna líkastur í sjón Gunnari at Hlíðarenda. Eins og saga Gunnars sýnir svo vel, hætti Íslendingum í fornöld (líkt og áður Forn-Grikkjum) of mjög við að öfunda þá, sem voru afbragð annara manna, og þeir voru mikils til of skilningslitil á það, hversu nauðsynlegt er til þjóðþrifa að slíkir menn njóti sín sem best. Æfilok Gunnars eru kunn af hinna bestu frásögn.

Syrti svo yfir þjóðinni við

Gunnars og sumra seinni manna sem honum voru ekki ólíkir, á það hefur aldrei birt til fulls söð. Nú væri gleðilegt, að sjá þess mestan vottinn, að í þessum efni sjeu mikil umskifti orðin, og að Íslendingum sje farið að skiljast, mjög heill þjóðarinnar er undir komin og sómi, að atgerfismegi eigi sem bestan kost menntunarviðgangs.

Fararefni Erlings munu sýna þess nokkuð, hvað þessum skilningur líður.

11.—12. jan.

Helgi Pjeturss.